

SAMÞYKKT

fyrir Veidifélagið Hölkna.

1. gr.

Félagið heitir Veidifélagið Hölkni. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða sem land eiga að Hölná í Skeggjastaðahreppi, en þær eru Miðfjörður I, Miðfjörður II, Melavellir, Gunnarsstaðir, Veðramót I, Veðramót II og Hölná, einnig eru eigendur Djúpalækjar I, Djúpalækjar II og Bjarmalands, handhafar veiðiréttar í ánni.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Einnig að stuðla að góðri umgengni um vatnasvæðið og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi, skaði lífríki þess.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og einn eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram.

Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorast undan endurkosningu nema sérstök föll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn ganga út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfundur skal halda í júnímánuði ár hvert og til hans boðað með minnst tveggja vikna fyrirvara og hann haldinn í samræmi við ákvæði laga um lax- og silungsveiði.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ásamt síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. apríl 2005.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, Laugarvatni.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota norðan við grunnskólann breytist í svæði fyrir þjónustustofnanir og opið svæði til sérstakra nota. Svæði fyrir þjónustustofnanir við Lindabraut breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 17. maí 2005.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Bolungarvíkurhreppi, Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhreppi.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun, sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu.

Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., skal vera kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 5.000 pr. klst.